



Safnaðarblað Gleráarkirkju

3. tbl. 30. árg.

Desember 2015

*„Vér sáum stjörnu hans renna upp og erum komnir
að veita honum lotningu.“ (Matt. 2:2b)*



Leiðarljósidið

Framundan er aðventan og síðan blessuð jólahátíðin sem vara á allt frá aðfangadagskvöldi til þrettándans eða þrettánda dags jóla sem er sjötti janúar. Undirbúningurinn er hafinn. Ljósunum fjölga nú í bænum – þau lífga upp á tilveruna og allt fær annan svip og blæ. Ljúfar minningar um sælustundir í faðmi fjölskyldu og vina sækja á hugann og vekja vonir og væntingar um bjartar gleðistundir með ástvinum. Hvað getum við gert til þess að svo megi verða þessi jólin? Við vitum mæta vel að þegar upp er staðið þá snýst þetta ekki um gjafir, góðan mat eða einhverja skemmtun annað og meira þarf til. Kærleikurinn verður að vera undirstaðan. Að öðrum kosti verður gleðin ekki sönn og heil. Hvert sækjum við þennan kærleika sem breytir öllu? Hugum að því. Jólin eiga sér eina miðlæga sögu sem segir allt sem máli skiptir um það allt.

Jólaguðspjallið segir okkur að góður Guð, höfund-

ur lífs og heims, vilji vitja okkar mannana barna svo við getum þekkt hann – huga hans og hjarta. Hann vitjar okkar í Jesú Kristi og í samfélagi hans heyrum við boðskapinn sem skráður er í Markúsarguðspjallinu, 9. kafla: „Og hann tók lítið barn sér í faðm og sagði við þá: Hver sem tekur við einu slíku barni í mínu nafni, tekur við mér, og hver sem tekur við mér, tekur ekki aðeins við mér heldur og við þeim er sendi mig.“ Látum þessi orð lausnararns vera okkur leiðarljós jólanna og vísa okkur veginn þangað svo undirstaða hátíðarinnar verði rétt og allt verði velvildinni vígt og helgað.

Megi Kristur ljúka upp hjarta þínu fyrir ljósi hans og kærleika. Megi hann sömuleiðis ljúka þér upp gáttum himnanna og gefa þér heilög jól.

Gunlaugur Garðarsson
sóknarprestur



Kveðja frá sóknarnefnd

Nú þegar dagurinn er óðum að styttest og skammdegið ræður ríkjum, hátíð ljóss og friðar er skammt undan þá er gott að minnst á allt það góða starf sem unnið er í Glerárkirkju - Allt er það góðum Guði að þakka og starfsfólkinu sem þar vinnur.

Eitt sem gaman er að nefna nú þegar hvað mest er ráðist á Þjóðkirkjuna að sjaldan eða aldrei hefur verið eins mikið og líflegt barna- og unglingastarf í kirkjunni okkar. Barna- og unglingakórinn er að vaxa og það fjölgar stöðugt í fjölskylduguðsþjónustum. Það er sannarlega

yndislegt að eiga gott samfélag í kirkjunni og adventustundin þar er hjá mörgum upphafið að jólaundirbúningnum.

Gleymum þeim ekki sem erfitt eiga um þessar mundir. Því miður eru þeir ófáir sem búa við einsemd, hafa misst nákominn ástvin eða líða skort af einhverju tagi. Hvort sem um er að ræða fjárrád eða umhyggju. Hugsum um það sem adventan á að færa okkur og reynum að njóta hennar. Hún á að vera okkur undirbúningur fyrir jólahátíðina - hátíðina miklu þegar við minnumst fæðingar frelsarans, hans

sem er ljós heimsins. Tökum á móti því ljósi. Í því felst von, birta og gleði. Hlutverk kirkjunnar er að beina sjónum okkar að því ljósi, ljósinu bjarta og góða.

Starfið í Glerárkirkju er sannarlega mikið og gott og þangað eru allir ávallt velkomnir. Það er von mín að þeir sem þangað koma finni þar þann frið og blessun sem kirkjan á að vera farvegur fyrir. Megi boðskapur jólnanna færa okkur öllum helga og gleðilega jólahátíð.

*Gunnar Sturla Gíslason,
formaður sóknarnefndar.*

Fermingarbörn á ferðalagi

Dagana 19. - 22. október heimsóttu rúmlega 100 fermingarbörn úr Glerárkirkju, Síðuskóla, Glerárskóla og Giljaskóla, Hóla í Hjaltadal og Fræðslusetur Þjóðkirkjunnar að Löngumýri í Skagafirði.

Á Hólum tóku þær sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup, og sr. Halla

Rut Stefánsdóttir á móti fermingarbörnunum og sögðu þeim frá Hóladómkirkju.

Á Löngumýri fengu börnin fræðslu um Sálmaþókina, Biblíuna og ævi Jesú ásamt því að eiga saman gott og gefandi samfélag.



Kvenfélagið Baldursbrá

Kvenfélagið Baldursbrá sendir lesendum safnaðarblaðsins og velunnurum sínum, bestu jóla og nýjárskveðjur með hjartans þökk fyrir stuðninginn á senn liðnu ári.

Árið hefur verið félaginu gott á margan hátt og höfum við komið víða við, með stuðningi við samtök og ýmsar safnanir, m.a. Krabbameinsfélag Akureyrar til kaupa á nýju tæki til brjóstaskoðunar, einnig studdum við gerð forvarnarmyndar um fíknimál, ásamt ýmsu öðru. Ekki hefði þetta verið hægt nema fyrir ykkur sem studdu okkur dyggilega. Markmið okkar í Baldursbrá er að geta orðið öðrum að liði og látið gott af okkur leiða.

Okkar helsta og stærsta fjáröflun er kaffisala á 17. júní, einnig Basar sem haldin er í nóvember, bingó, veislur og erfi-drykkjur. Margar hendur vinna létt verk og erum við ávallt glaðar er bætast við nýjir félagar. Þær konur sem hafa áhuga á að kynna sér kvenfélagið eru velkomnar. Við hittumst öll fimmtudagskvöld kl. 19:00 og erum í fundarsal á neðri hæð kirkjunnar.

Við erum á facebook og heimasíðu Glerárkirkju. Þá er velkomni að hafa samband við formann Baldursbrár, Sigurveigu Sumarrós Bergsteinsdóttur í síma 821 4637.



Á Hólum í Hjaltadal.



Hressar fremingarstúlkur á Löngumýri.



Horft á kvikmynd um ævi Jesú.

Barna- og æskulýðsstarf Gleráarkirkju

Það er gaman fyrir krakka að sækja kirkjuna sína heim og kynnst Guði í leik og starfi. *GlerUngar* eru fyrir 1-4 bekk, *TTT starfið* er fyrir 5 bekk, *Sjöan* fyrir 7. bekk og *UD Glerár starfið* í samstarfi við KFUM & KFUK er fyrir 8-10 bekk. Störfín eru skemmtileg, spennandi og öllum að kostnaðarlausu. Uppbyggjandi trúfræðsla og tækifæri til að kynnst krökkum úr

hverfinu öllu.

Dagskráin er unnin eftir hugmyndafræði Howards Gardner's að við höfum ólíka styrkleika og hvert barn fær að njóta sín. *UD Glerá* er með skemmtilega facebook síðu, sem er opin, en hin störfín eru með lokaðar síður fyrir foreldra sem geta skoðað myndir vikulega af börnum sínum skemmta sér og fræðast.



Síkatir *GlerUngar*.



TTT gleði á blöðrufundi.



Nokkrir krakkar úr *SJÖUNNI*.



Allar stundir *UD Glerá* enda á hugleiðingu.

Safnað fyrir vatni

Dagana 2. og 3. nóvember gengu fermingarbörn frá Gleráarkirkju í hús norðan Glerár og söfnuðu til stuðnings vatnsverkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu. Alls söfnuðust 191.158 krónur í ár og mun sá peningur duga fyrir a.m.k. einum brunni. Áður en börnin gengu í hús fengu þau fræðslu um það hvernig vatnsþró, vatnstankur eða brunnur með hreinu vatni getur gjörbreytt lífi fólks til hins betra.

Með því að taka þátt í fjársöfnunarverkefninu fá börnin innsýn í líf jafnaldra sinna á starfssvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku og kynnst erfiðleikum sem þau

búa við. Fermingarbörnin fá líka tækifæri til að ræða um ábyrgð okkar allra á því að allir jarðarbúar fái lífað mannsæmandi lífi.



Þessar stúlkur söfnuðu fyrir vatni.



Þessir vinir tóku þátt í söfnuninni.



Kór Gleráarkirkju

Starf Kórs Gleráarkirkju hefur verið með hefðbundnum hætti nú á haustdögum. Undirbúningur fyrir árlega jólatónleika sem verða þann 13. desember kl. 16.00 er nú í fullum gangi. Að lokinni jólahátíð og áramótum og öllum þeirra ánægjulegu athöfnum mun svo hefjast undirbúningur fyrir utanlandsferð sem fara á í vor.

Kórfélögum hefur fækkað nokkuð undanfarið og því getum við bætt við okkur góðu söngfólki í allar raddir.

Félagar og stjórnandi Kórs Gleráarkirkju óska þér og þínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Sérstaka kveðju sendum við gömlum félögum sem hættir eru í kórnum og þökkum fyrir þeirra mikla og góða starf.

Jólaaðstoð 2015

Jólaaðstoð – hvernig sæki ég um?

Þú hringir í 570 4090 milli kl. 10:00 og 12:00 alla virka daga

frá 30. nóvember til 10. desember

Eins og fyrir síðustu jól er sótt um á einum stað hjá jólaaðstoðinni og samstarfsaðilarnir sameinast um að styðja þig með þátttöku fyrirtækja og einstaklinga á Eyjafjarðarsvæðinu.

– Hringdu fyrir 11. desember! –



MÆDRASTYRKSNEFND
AKUREYRAR

Rauði krossinn

Helgihald í Gleráarkirkju á aðventu og jólum



Sunnudagurinn 29. nóvember

– Fyrsti sunnudagur í aðventu.

★ Sunnudagaskóli og messa kl. 11

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Valmars Völjaots.

★ Aðventukvöld kl. 20:00

Ræðumaður er Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri Akureyrarbæjar. Kór Gleráarkirkju syngur ásamt Barna- og Æskulýðskór kirkjunnar. Fermingarborn taka þátt í ljósaathöfn. Allir eru velkomnir.

Sunnudagurinn 6. desember

– Ammar sunnudagur í aðventu

★ Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, djákni, þjóna. Barna- og Æskulýðskór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.

★ Kvöldguðsþjónusta kl. 20.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Krossbandið leiðir almennan söng.

Sunnudagur 13. desember

– Þriðji sunnudagur í aðventu

★ Sunnudagaskóli og messa kl. 11

Sameiginlegt upphaf. Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Valmars Völjaots.

★ Jólatónleikar kirkjukórs Gleráarkirkju kl. 16:00.

Sunnudagur 20. desember

– Fjórdi sunnudagur í aðventu.

★ Sunnudagaskóli kl. 11. Mikill söngur og gleði.

Aðfangadagur jóla.

★ Aftansöngur kl. 18.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Valmars Völjaots.

★ Miðnæturmessa kl. 23.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar. Valmar Völjaots spilar á orgel.

Jóladagur

★ Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Valmars Völjaots.

Annar dagur jóla

★ Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar. Barna- og Æskulýðskór Gleráarkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Margrétar Árnadóttur.

Gamlársdagur - 31. desember

★ Aftansöngur kl. 18.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Valmars Völjaots.

Nýársdagur - 1. janúar

★ Hátíðarmessa kl. 14.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Valmars Völjaots.

Sunnudagaskóli Gleráarkirkju

er alla sunnudaga kl. 11:00 og hefur upphaf í messunni. Þá sunnudaga sem fjölskylduguðsþjónustur eru, er sunnudagaskólinn hluti af þeim.

Athugið: Eldri borgara samvera verður í kirkjunni fimmtudaginn 17. desember kl. 15:00.
– Snorri Guðvarðarson leiðir söng og jólasaga sögð. – Kaffiveitingar og gott samfélag.

Vígðir þjónar og starfsfólk Gleráarkirkju

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8808 (í kirkju), 462 7676 (heima) og 864 8455 (gsm). Netfang: gunnlaugur@glararkirkja.is

Sr. Jón Ómar Gunnarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8802 (í kirkju), og 864 8456 (gsm). Netfang: jonomar@glararkirkja.is

Djákni: Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir.

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8807 (í kirkju) og 864-8451 (gsm). Netfang: sunna.kristrun@glararkirkja.is

Umsjónarmaður er Haukur Þórðarson. Hann er við á virkum dögum kl. 11:00-16:00. Símar: 464 8803 (í kirkju) og gsm 661-7700 Netfang: haukur@glararkirkja.is

Organisti er Valmar Völjaots. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8804 (í kirkju) og gsm 853 8001. Netfang: valmar@glararkirkja.is

Kirkjuvörður er Hermann Ragnar Jónsson, gsm 861 5025.

Umsjón með eldhúsi hefur Sigurrós Anna Gísladóttir, gsm 848 6440.

Upplýsingar um annað starfsfólk Gleráarkirkju er að finna á www.glararkirkja.is

Gleráarkirkja: Sími 464 8800 – Fax: 464 8809 – www.glararkirkja.is – glararkirkja@glararkirkja.is



Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: ghs • Prentun: Ásprunt